

# Fundargerð 406. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2018, föstudaginn 5. október kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ásta Björg Pálmadóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Þór Snorrason og Björn Arnaldsson.

Gísli Gíslason ritaði fundargerð en fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2018 - 1801004HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 405. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 27. ágúst sl.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Hafnasambandsþing 2018 - 1610004HA

Rætt um undirbúning hafnasambandsþings sem haldið verður í Reykjavík dagana 25. og 26. október 2018. Lagt fram yfirlit yfir starfsnefndir þingsins og skýrslu stjórnar. Einnig voru tillögur að ályktunum fyrir hafnasambandsþingið lagðar fram til kynningar.

*Starfsmanni falið að hafa samband við "stýrimenn" starfsnefnda og gera breytingar á ályktunum í samræmi við umræður á fundinum.*

### 3. Hafnasamband Íslands - fjárhagsáætlun 2018-2020 - 1810001HA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árin 2019 og 2020 ásamt tillögu að árgjöldum aðildarhafna sömu ár.

*Tillaga að fjárhagsáætlun 2019 og 2020 samþykkt sem og tillögu að árgjöldum aðildarhafna.*

### 4. Umsögn um fyrirhugaða breytingu á lögum - 1810002HA

Lögð fram til kynningar umsögn Hafnasambands Íslands um heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum, dags. 1. október 2018.

### 5. Stefna hafnasambandsins 2018-2020 - 1809001HA

Lögð fram drög að stefnumörkun hafnasambandsins fyrir árin 2018-2020.

*Samþykkt að vísa áður samþykktu stefnuplaggi til nýrrar stjórnar.*

### 6. AECO - Joint Arctic SAR workshop - 1809002HA

Lagt fram bréf AECO - Association of Arctic Expedition Cruise Operators, mótt. 5. september 2018, þar sem óskað er eftir stuðningi við Joint Arctic SAR workshop and TTX sem fyrirhugað er að halda í Reykjavík í apríl 2019 .

*Stjórn Hafnasambands Íslands samþykkir að styrja verkefnið um 100.000 kr.*

**7. Vitafélagið íslensk strandmenning - fyrirlestur - 1809003HA**

Lagður fram tölvupóstur frá Vitafélaginu - íslensk strandmenning, dags. 7. september 2018, þar sem óskað er eftir fulltrúa frá hafnasambandinu á fræðslufund félagsins sem haldinn verður, 9. janúar 2019, til að fjalla um umhverfismál í höfnum landsins.

*Samþykkt að fela Gísla Gíslasyni, formanni hafnasambandsins, að flytja erindi á fræðslufundi Vitafélagsins.*

**8. Mengunarvarnaráð - óskað tilnefningar - 1809004HA**

Lagt fram til kynningar bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 17. september 2018 þar sem óskað er eftir tilnefningum í mengunarvarnaráð.

*Stjórn Hafnasambands Íslands samþykkir að tilnefna Bergstein Ísleifsson frá Faxaflóahöfnum, Bryndísi Sigurðardóttur frá Tálknafjarðarhöfn og Hákon Ásgrímsson frá Fjarðabyggðahöfnum í mengunarvarnarráð.*

**9. Samgönguáætlun 2019-2033 - óskað umsagnar - 1810003HA**

Lagðar fram tillögur að þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2019 ? 2033.

*Stjórn Hafnasambands Íslands samþykkir að senda umsögn sína um áætlunina og leggja málið fyrir Hafnasambandsþing.*

**10. Siglingaráð - óskað tilnefningar - 1708002HA**

Sigrún Árnadóttir lætur af setu í Siglingaráði og af því tilefni gerir stjórn Hafnasambandsins eftirfarandi breytingu á skipan fulltrúa sambandsins. Aðalmaður: Björn Arnaldsson Höfnum Snæfellsbæjar og til vara Kristín Magnúsdóttir Þorlákshöfn.

Fundi var slitið kl. 12:30

---

Gísli Gíslason

---

Ásta Björg Pálmadóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ólafur Pór Snorrason

---

Björn Arnaldsson